

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð  
í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi í Lýtingsstaðahreppi til minningar um móður hans Sigurlaugu Ólafsdóttur, sem var fædd 19. febrúar 1851 og andaðist 1. marz 1939.

Heimili og varnarþing sjóðsins skal vera að þingstað Lýtingsstaðahrepps.

### 2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —, í hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar, heilsulitlar eða barnmargar ekkjur í Lýtingsstaðahreppi, og skal til þess verja vaxtatekjum sjóðsins.

Komi til þess, að sjóðsstjórnin telur eigi ástæðu til að úthluta styrk úr sjóðnum, skal vöxtum varið til kaupa á hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn: Oddviti Lýtingsstaðahrepps, fátækrafulltrúi hreppsins og bóndinn á Daufá. Verði sveitarstjóri settur í hreppinn, tekur hann sæti oddvita í stjórninni.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega samdir af stjórn sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga Lýtingsstaðahrepps.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Austur-Húnavatnssýslu.

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, en það nær yfir Austur-Húnavatnssýslu.